

Ársskýrsla stjórnar Fjöruverðlaunanna – bókmenntaverðlauna kvenna á Íslandi 2023

Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna (sís og trans) og trans, kynsegin og intersex fólks á Íslandi, voru lyftistöng fyrir rithöfunda á árinu. Þær breytingar sem voru gerðar á framkvæmd verðlaunanna á tímum heimsfaraldurs COVID-19 hafa fest sig í sessi og einfaldað framkvæmd verðlaunanna ásamt því að vekja meiri athygli á þeim. Aðalfundir eru nú rafrænir og tilnefndir höfundar til verðlaunanna fá rafmyndir til að deila á samfélagsmiðlum.



Í ár voru verðlaunin afhent í Ráðhúsi Reykjavíkur. Er það í fyrsta sinn sem þau eru ekki afhent í Höfða frá því að borgarstjóri Bókmenntaborgar UNESCO gerðist verndari verðlaunanna, en yfirgripsmiklar viðgerðir stóðu yfir í Höfða á vormánuðum.

Fjárhagur og félagatal 2022–2023

Allt frá stofnun félagsins árið 2014 hefur verið unnið að því að straumlínulaga rekstur Fjöruverðlaunanna og því að koma á föstum styrktarlínum. Í því felst að öll umsýsla og undirbúningur er auðveldari og framtíð verðlaunanna tryggari.

Á starfsárinu greiddu 114 félagar félagsgjöld, þ.e. 63% af félagatali, samtals kr. 228.000.

Tekjur ársins voru umfram kostnað og gjöld. Skýrist það helst af því að ólíkt fyrra ári voru bókaútgefendur nú rúkaðir fyrir tilnefninga- og verðlaunalímniða, en á síðasta starfsári bar félagið þann kostnað. Tekjur félagsins á árinu voru 312.598 krónur (þ.e. félagsgjöld, innvextir og límniðasala).



Útgjöld Fjöruverðlaunanna

2014–2015:	307.847 kr.
2015–2016:	286.666 kr.
2016–2017:	259.366 kr.
2017–2018:	150.956 kr.
2018–2019:	124.885 kr.
2019–2020:	217.824 kr.
2020–2021:	365.420 kr.
2021–2022:	291.246 kr.
2022–2023:	296.634 kr.

Fjöruverðlaunin hafa aldrei verið peningaverðlaun og ljóst er að þau verða það ekki nema til komi mikið og samstillt átak stjórnar, félagsmanna, hagsmunaaðila fyrirtækja og opinberra aðila.

Félagar í Félagi um Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna voru 182 undir lok starfsárs.

Starfsárið 2022–2023

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir var kjörin formaður 2021 og með henni sitja í stjórn Erla E. Völudóttir og Helga Birgisdóttir, og Hólmfríður Garðarsdóttir til vara. Skoðunarmenn reikninga eru Védís Skarphéðinsdóttir og Elín Björk Jóhannsdóttir.

Aðalfundur Fjöruverðlaunanna var haldinn á Zoom þann 5. október 2023. Auk hefðbundinna aðalfundastarfa, sem gengu snurðulaust fyrir sig, var rætt um að færa málnotkun Fjöruverðlaunanna nær kynhlutlaustu máli og var sú tillaga samþykkt einróma. Nokkur umræða varð um félagsgjöld og ákveðið var að hækka þau úr 2.000 krónum í 2.500 krónur.

Auglýst var eftir bókum eftir konur til að leggja fram til verðlaunanna fyrir 21. október 2022. Ef bækur voru ekki komnar út fyrir þann tíma, var bókaútgefendum boðið að senda rafrænt eintak á dómnefnd og skila inn þremur eintökum af verkinu fyrir 18. nóvember 2022. Dómnefndir verðlaunanna voru fullskipaðar og höfðu verklagsreglur sér til fulltingis. Félag íslenskra bókaútgefenda sá um móttöku bóka frá útgefendum, en stjórnarkonur deildu systurlega með sér keyrslu á bókum til dómnefnda, þrisvar á tímabilinu.

109 bækur voru lagðar fram til mats vegna Fjöruverðlaunanna 2023. Þær skiptust þannig: 36 bækur í flokki barna- og unglingsbókmennta, 48 í flokki fagurbókmennta og 25 í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis. Tilnefningar til Fjöruverðlaunanna voru kynntar á tilnefningarhátíð í Borgarbókasafninu 5. desember 2022. Tilnefndir höfundar og bækur voru kynntar með smámyndum á samfélagsmiðlum og einnig var fréttatilkynning send út til fjölmiðla.

Þessar bækur og höfundar hlutu tilnefningu til Fjöruverðlaunanna 2023:

Í flokki fagurbókmennta

- *Eden* eftir Auði Övu Ólafsdóttur,
- *Urta* eftir Gerði Kristnýju, **sem hlaut verðlaunin**
- *Tól* eftir Kristínu Eiríksdóttur

Í flokki barna- og unglingabókmennta

- *Kollhnís eftir Arndísi Þórarinsdóttur, sem hlaut verðlaunin*
- *Bronsharpan eftir Kristínu Björgu Sigurvinsdóttur*
- *Héragerði. Ævintýri um súkkulaði og kátínu eftir Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur*

Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis

- *Á sporbaug. Nýyrði Jónasar Hallgrímssonar eftir Önnu Sigríði Þráinsdóttur og Elínu Elísabetu Einarssonar*
- *Farsótt. Hundrað ár í Þingholtsstræti 25 eftir Kristínu Svövu Tómasdóttur, sem hlaut verðlaunin*
- *Vegabréf: Íslenskt. Frá Afganistan til Bosnía og Búrkína Fasó eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur*

Reykjavíkurborg sem er ein af bókmenntaborgum UNESCO er sérlegur verndari verðlaunanna. Samstarfið er skilmálalaust en stjórn Fjöruverðlaunanna hefur ítrekað við borgina að þau vilji halda sjálfstæði og sjálfræði – eiga sig sjálf. Aðkoma Bókmenntaborgarinnar felur í sér að hún hefur og mun til framtíðar fjármagna og hýsa verðlaunaafhenginguna.

Fjöruverðlaunin 2023 voru afhent 8. mars 2023 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Formaður stjórnar, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, stýrði samkomunni og tilkynnti verðlaunin. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Bókmenntaborgar UNESCO – Reykjavík ávarpaði gesti og afhenti blóm og verðlaunagripi. Verðlaunahafar árið 2023 fengu í verðlaun áletrað egg hannað af Koggu, sem er dyggur styrktaraðili Fjöruverðlaunanna og gefur verðlaunagripi. Verðlaununum voru gerð góð skil í öllum helstu fjölmiðlum og netmiðlum.

Dómnefndir unnu óeigingjarnt starf og eru þeim færðar þakkir fyrir. Í dómnefnd fagurbókmennta sátu Dagný Kristjánsdóttir, Júlía Margrét Sveinsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttur, í dómnefnd fræðibóka og rita almenns eðlis sátu Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Sigrún Birna Björnsdóttir og Sigrún Helga Lund, og í dómnefnd barna- og unglingabókmennta sátu Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, Brynja Helgu Baldursdóttir og Guðlaug Richter.

Samstarf við dómnefndir, Félag íslenskra bókaútgefenda, Borgarbókasafn, Pipar/TBWA Koggu og Reykjavíkurborg gekk með eindæmum vel. Er öllum hlutaðeigandi þakkað samstarfið.

Yfirstandandi og áframhaldandi verkefni

Á aðalfundi 2018 var ákveðið að afhenda á árinu öll gögn Fjöruverðlaunanna til Kvinnasögusafns Íslands og endurbæta vefsíðu félagsins, birta þar t.d. upplýsingar um allar bækur sem tilnefndar hafa verið til Fjöruverðlaunanna til að auka sýnileika rithöfunda og gefa út sérstaka útgáfu vefsíðunnar á ensku. Þeirri vinnu er enn ólokið.